

Hólmatúni 42, Álftanesi

13. janúar 2016

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7,
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.01.2016
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1601395

Undirrituð er formaður Álftaneskórsins sem er blandaður kór sem hefur starfað á Álftanesi síðan árið 1981. Kórinn æfir og flytur bæði veraldlega og kirkjulega tónlist og leiðir söng við guðsþjónustur í Bessastaðakirkju, en syngur einnig í öðrum kirkjum prestakallsins í samræmi við óskir presta og sóknarnefndar. Kórinn heldur vortónleika á hverju ári og hefur einnig verið mjög virkur í félagsstarfi á Álftanesi með þátttöku í mörgum menningarviðburðum á nesinu og annars staðar í Garðabæ. Kórinn hefur í nokkur ár sungið fyrir gesti á Jóla- og góðgerðardegi á Álftanesi og það er einnig fastur liður hjá kórnum að syngja fyrir gesti í skótuveislu Lionsklúbbs Álftaness, en hagnað af skótuveislunni notar klúbburinn til þess að styrkja góð málefni. Kórinn hefur einnig sungið við Jónsmessugleði Grósku nokkrum sinnum. Kórinn tekur ekki greiðslu fyrir að syngja við viðburði.

Nánar má lesa um starfsemi kórsins á heimasíðu hans: <http://alftaneskorinn.123.is/>.

Álftaneskórinn er nú að skipuleggja ferð til Dyflinnar á Írlandi dagana 26.-30. maí 2016. Kórinn mun halda tónleika í kirkju í Dublin og einnig er stefnt að því að syngja við messu hjá íslenskum presti, Ásu Björk Ólafsdóttur, sem þjónar í bænum Dún Laoghaire nálægt Dyflinni. Í för verða 23 kórfélagar, kórstjóri, sóknarprestur og formaður sóknarnefndar ásamt mökum, alls 39 ferðafélagar.

Erindi þessa bréfs er að fara þess á leit að bæjarráð Garðabæjar veiti kórnum styrk til fararinnar.

Með vinsemd og virðingu,

Sigrún Helgadóttir
formaður Álftaneskórsins
hs: 567 7575
vs: 525 4434
gsm: 864 7575